

**NÝTIÐ YKKUR ÞJÓNUSTU Í HEIMABYGGÐ!**  
**- VIÐ ERUM HÉR FYRIR ÞIG -**

**DALVÍK - Hafnarbraut 5**



**FJALLABYGGÐ - Eyrargötu 24b**



**AÐALFUNDUR EININGAR-IÐJU**

**AKUREYRI - Skipagötu 14**



**12. apríl 2016**

# **Aðalfundur Einingar-Iðju**

## **haldinn í Menningarhúsinu HOFI Akureyri**

### **12. apríl 2016 kl. 19:30**

#### **Dagskrá**

1. Fundarsetning/fundarstjóri.
  2. Látinna félaga minnst.
  3. Skýrsla stjórnar.
  4. Reikningar félagsins.
  5. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.
  6. Kosning löggilts endurskoðanda félagsins.
  7. Veiting gullmerkis félagsins.
- Kaffihlé.
8. Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.
  9. Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.
  10. Kosnir 37 fulltrúar á aðalfund Stapa lífeyrissjóðs.
  11. Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.
  12. Önnur mál.

# Eining-Iðja - Ársreikningur 2015

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
Árskýrsla.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	14
Áritun skoðunarmanna.....	15
Yfirlit um rekstrarrafkomu félagsins.....	16
Yfirlit um efnahag félagsins.....	17
Rekstrarreikningur félagssjóðs.....	18
Efnahagsreikningur félagssjóðs.....	19
Efnahagsreikningur félagssjóðs.....	20
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs.....	21
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs.....	22
Rekstrarreikningur orlofssjóðs.....	23
Efnahagsreikningur orlofssjóðs.....	24
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs.....	25
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs.....	25
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs.....	26
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs.....	27
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs.....	28
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs.....	29
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur.....	30
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur.....	31
Rekstrarreikningur hússjóðs Siglufjarðar.....	32
Efnahagsreikningur hússjóðs Siglufjarðar.....	33
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-Iðju.....	34
Samandreginn rekstrarreikningur.....	35
Samandreginn efnahagsreikningur.....	36
Sjóðstreymi.....	37
Skýringar og sundurliðandir.....	38
Dagskráriður 5 – Stjórn, skoðunarmenn og trúnaðarráð.....	43
Dagskráriður 6 - Löggiltur endurskoðandi félagsins.....	44
Dagskráriður 8 – Kjörstjórn.....	44
Dagskráriður 9 - Fastanefndir félagsins og stjórnir.....	44
Dagskráriður 10 - Fulltrúar á ársfund Stapa lífeyrissjóðs.....	45
Dagskráriður 11 – Stjórnarlaun.....	45

# Árskýrsla

---

Stéttarfélagið Eining-Iðja var stofnað þann 15. maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og Iðju félags verksmiðjufólks. Á árinu 2008 sameinaðist almenna deild Vöku á Sigluflíði Einingu-Iðju. Fullgildir félagsmenn í árslok 2015 voru 7.395.

## Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri, Dalvík og Sigluflíði.

Laun formanns félagsins námu á árinu 2015 kr. 9.777.591 og laun stjórnar kr. 3.164.220.

## Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-Iðju staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með áritun sinni.

Akureyri, 29. mars 2016.

### Stjórn

Ragnar Ólafsson  
Vilhjálmur Ásgeirsson  
Hafdís Ósk Kristjánsdóttir  
Sigridur Jósefsdóttir  
Guðrún Þ. Þorbjarnardóttir  
Anna Guðlaugsdóttir  
Sigridur K. Bjarkadóttir  
Margrét H. Márnius d.  
Margrét Jónsdóttir  
Róbert Þorsteinson  
INGVAR KRISTJÁNSSON

# Skýrsla stjórnar

## Starfssvæði félagsins

Starfssvæði Einingar-Iðju er Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Einnig Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu. Varnarþing og heimili félagsins er á Akureyri.

## Félagsgjald

Félagsgjald er 1% af öllum laumum. Ekki er innheimt lágmarks-gjald.

## Skrifstofurnar

Aðalskrifstofa Einingar-Iðju er á Akureyri en að auki rekur félagið skrifstofur á Dalvík og Fjallabyggð, Siglufjarðarmeginn

## Starfsmenn félagsins eru:

Anna Júliusdóttir, Ásgrímur Örn Hallgrímsson, Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Íris Björk Árnadóttir, Íris Hauksdóttir (er í fæðingarorlofi), Helga Nielsdóttir (er að leysa Írisi af) Margrét Einarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigrún Lárusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson. Elsa Sigmundsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir, Nicole Kristjánsson og Svana Rún Simondóttir eru ráðgjafar hjá VIRK.

1. apríl sl. hóf Hafdís E. Ásbjarnardóttir störf sem félagini en hún var nýlega ráðin sem þjónustufulltrúi með adsetur á skrifstofunni á Akureyri. Hafdís útskrifaðist með ML gráðu í lögfræði frá Háskólanum á Akureyri 2014 og hefur m.a. starfað hjá starfsmannabjónustu Akureyrarbæjar og hjá Landsbankanum.

## Félagatal

	Aðalfélagar	Svæðisráð
2015	7.395	1.434
2014	7.312	1.468
2013	6.594	1.365
2012	6.249	1.301
2011	7.349	1.422

## Svæðisfulltrúar

Hjá félagini starfa fimm svæðisfulltrúar sem staðsettir eru á jafnmögum þéttbýlisstöðum utan Akureyrar.

Guðrún Þorbjarnardóttir í Hrísey, Hafdís Kristjánsdóttir í Ólafsfirði, Margrét Jónsdóttir á Siglufirði, Róbert Þorsteinsson á Grenivík og Sigriður Jósepsdóttir á Dalvík.

Varamenn svæðisfulltrúa eru: Kristín Joanna Jónsdóttir í Hrísey, Anna Sigriður Pálmadóttir í Ólafsfirði, Sigrún Agnarsdóttir á Siglufirði, Þórey Ádalsteinsdóttir á Grenivík og Íris Hauksdóttir á Dalvík.

## Stjórn félagsins 2015-2016

Auk svæðisfulltrúanna fimm sátu í stjórninni þau Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júliusdóttir varaformaður og Vilhelm Adolfsson ritari. Einnig sátu þrír formenn deilda í stjórninni; Ingvar Kristjánsson frá Iðnaðar- og tækjadeild, Margrét H. Marvins-

dóttir frá Matvæla- og þjónustudeild og Sigriður K. Bjarkadóttir frá Opinberu deild.

## Helstu styrkir úr félagssjóði

Jólaaðstoð .....	800.000
Krabbameinsfélak Ak. ....	350.000
Söfnun fyrir ómtæki .....	300.000
Iðnaðarsafnfið á Ak. ....	160.000
Aflíð .....	100.000

## Atvinnuleysisbætur

Í lok árs 2015 voru 186 félagsmenn á atvinnuleysissskrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga af sér félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slik gjöld og tapi þar með réttindum. Þetta er fjölgun um þrj frá árinu á undan.

## Almenn starfssemi og þjónusta

Starfsmenntastyrkir	851
Styrkir úr sjúkrasjóði	2.235
Orlofshús og styrkir	1.245
Orlofsferðir og leiksýningar	202
<b>Samtals (Um 62% félagsmanna fengu styrki)</b>	<b>4.533</b>
<i>Árið 2014 voru sambærilegar tölue</i>	<i>4.193</i>

## Lykiltölur

Tekjur	2015	2014
Félagsgjöld .....	150.399.113	138.875.762
Sjúkrasjóðsgjöld .....	122.447.070	113.932.896
Orlofssjóðsgjöld .....	59.648.756	54.403.286
Húsaleiga .....	27.961.628	27.364.919
Aðrar tekjur .....	41.852.657	42.501.798
Samtals tekjur .....	402.309.224	377.078.661
<i>Gjöld</i>		
Styrkir til félagsmanna .....	127.944.281	122.136.525
Rekstur og viðhald fasteigna .....	47.043.027	44.321.742
Rekstrarkostnaður og afskriftir .....	226.321.402	210.596.460
Samtals gjöld .....	401.308.710	377.054.727
<i>Fjármagnsliðir</i> .....	15.835.612	10.836.905
<i>Hreinar tekjur til ráðstöfunar</i> .....	16.836.126	10.860.839

	Starfsgreinadeildir				
	2015	2014	2013	2012	2011
Opinbera deildin	1.402	1.422	1.148	1.384	1.457
Matvæla- og þjónustudeild	1.956	2.016	1.892	1.783	1.732
Iðnaðar- og tækjadeild	809	829	756	802	819

## Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2015

	Fjöldi	Upphæð
Dagpeningar .....	206	94.680.346
Útfararstyrkir.....	11	1.760.000
Bætur samtals	215	96.440.346
<b>Styrkir til félagsmanna</b>		
Sjúkraþjálfun og sjúkranudd.....	680	10.781.962
Krabbaheimsskoðun.....	353	1.722.052
Líkamsrækt .....	687	6.037.321
Aðrir styrkir (gleraugu, heyrnartæki o.fl.) .....	300	4.280.189
<b>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</b>	<b>2.020</b>	<b>22.821.524</b>
<b>Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði 2015</b>	<b>2.235</b>	<b>119.261.870</b>

## Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2015-2016

*Aðalmenn:*

Sigrún Lárusdóttir  
Anna G. Ásgeirs dóttir  
Ingimundur Norðfjörð

*Varamenn:*

Hulda Einarsdóttir  
Margrét Sigurðardóttir  
Sigríður Ólafsdóttir

## Námskeið



Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsini. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum og eins og alltaf er gott að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á þessi námskeið því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

Í haust stóð til að halda starfslokanámskeið út með firði en ekki reyndist næg þátttaka til að halda það. Stefnt er á að halda slíkt námskeið á Akureyri í haust.

Í október og nóvember tóku 17 félagsmenn þátt í dyravarðanámskeiði sem haldið var í samvinnu við Sýslumanninn á Norðurlandi eystra.

Í nóvember hélt félagið þrjú námskeið í hvernig eigi að búa til jólastjórnur. Kennari var Linda Óladóttir. Tvö þeirra voru haldin á Akureyri og eitt í Fjallabyggð. 27 félagar tóku þátt í þessum þremur námskeiðum.



1. mars sl. var haldið námskeið fyrir félagsmenn þar sem kennt var hvernig eigi að skreyta snittur og brauðtertur. Mikill áhugi var fyrir námskeiðinu og komust færri að en vildu. Námskeiðið fór fram á Amts kaffi Ilm á bókasafninu á Akureyri, leiðbeinandi var Þórhildur Þórhallsdóttir matreiðslumeistari.



Félagsmönnum var líka boðið upp á fleiri námskeið en vegna ónógrar þátttöku þurfti að fella þau niður.

## Starfsmenntasjóðir

Brynja Skarphéðinsdóttir veitir allar upplýsingar og er tengiliður við starfsmenntasjóðina þrjá sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu, en Anna Júliusdóttir sér um starfs- og tómstundanámskeið félagsins.

Á síðasta ári fengu alls 851 félagsmenn, 515 konur og 336 karlar, einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er fjölgun um 126 styrki frá árinu áður. Upphæðin sem þau fengu var tæplega 5,5 milljónum hærri en árið áður, eða kr. 32.483.075.

## Aldurs dreifing styrkpega

Aldur	Fjöldi
17-20 ára .....	153
21-30 ára .....	386
31-40 ára .....	138
41-50 ára .....	83
51-60 ára .....	69
61-70 ára .....	22

*Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?*

Íslenska fyrir útlendinga	39
Tölvunám/námskeið	1
Aukin ökuréttindi	24
Bílpróf	91
Tungumálanám	16
Framhaldsnám	153
Háskólanám	224
Tómstundanámskeið	49
Starfsnám	184
Annað	46

## Hverjir sóttu námskeiðin?

Almenni markaðurinn	551
Sveitafélög	278
Ríkið	22





Ferðafélagar í „Fjallaferðinni“ 2015

## Leikhús

Á hverju ári eru félagsmönnum sem eru lifeyrisþegar og mökum þeirra boðið í leikhús.

Í mars fóru rúmlega 100 félagsmenn og sáu leikritið „Með vífið í lúkunum“ sem Leikfélagi Hörgdæla var að sýna á Melum. Á undan sýningu var boðið upp á kaffihlaðborð í Pelamerkurskóla.

## Orlofsmál

Árið 2015 var farið í tvær ferðir, en hætta þurfti við utanlandsferðina vegna dræmrar þátttöku.

45 fóru í „Fjallaferðina“ þar sem farið var um Vestfirði.

Rúmlega 50 fóru í árlega dagsferð fyrir eldri félagsmenn. Ekið var austur í Kelduhverfi og snæddur hádegisverður. Þaðan var farið að Dettifossi og svo í Mývatnssveit þar sem drukkið var kaffi.

## „Vika að eigin vali“

Á árinu 2015 voru í boði 270 styrkir sem kallast „Vika að eigin vali“. Hver styrkur er að upphæð

kr. 19.000 og voru þeir vel nýttir af félagsmönnum.

## Orlofshús og orlofsíbúðir

Átján orlofshús og sex orlofsíbúðir eru í eigu félagsins, einnig tvær sjúkraíbúðir í Reykjavík.

Íbúðirnar í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja. Félagið á sjö íbúðir, en tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir. Um áramótin tók félagið á leigu íbúð í Rauðarárstíg 33. Um er að ræða þriggja herbergja íbúð, 83 fermetra, á 3. hæð. Lyfta er í húsinu og með henni fylgir bílastæði í bílakjallara. Íbúðin verður notuð er sem orlofsíbúð, ef verður samt leigð eftir þörfum, þ.e. eins og sjúkraíbúðir félagsins. Ástæðan fyrir þessari leigu er að eigandi íbúðar á 6. hæð í Ásholtinu, sem félagið hefur verið með á leigu undanfarin ár, ætlar ekki að framlengja leigusamninginn og því mun félagið missa þá íbúð 30. apríl nk.

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins í

Reykjavík. Leigjandi þarf ekki að þrífa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Haegt er að leigja lín hjá umsjónaraðila, en það þarf að panta með góðum fyrirvara.

Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð hjá félaginu.

**Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins því dæmi eru um að slæm ofnæmistilselli hafi komið upp. Leigutaki þarf að borga kr. 25.000 sekt ef reglan er brotin.**

## Nýting orlofshís 2015

Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-Iðja með orlofsbústaði viðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýting húsa í fyrra má sjá í eftirfarandi töflum. Nýtingin var mjög góð þrátt fyrir að óveður og ófærð settu stundum strik í reikninginn.

Skipti- og leighús	Sumarvikur
Bjarteyjarsandur (1) ...	9
Brekkuskógr (2) .....	22
Einarsstaðir (2) .....	30
Garðshorn (1) .....	8
Klifabotn í Lóni (1) ...	10
Munaðarnes (1) .....	8
Súðavík (1) .....	8
Úlfhljótsvatn (1) .....	8
Vaðnes (1) .....	10
Ölfusborgir (1) .....	13

Hús í eigu félagsins	Vikur	Helgar
Egilssstaðir (1) .....	12	12
Einarsstaðir (1) .....	13	13
Illugastaðir (5) (14 yfir veturinn) ...	92	172
Flókalundur í Vatnsfirði (1) .....	10	1
Reykjavík (1) Leiguíbúð .....	24	66 (stubbaleigur)
Reykjavík (5) .....	270	71 (stubbaleigur)
Svignaskarð (1) .....	18	23
Tjarnargerði (1) .....	13	39

## Fundir hjá féluginu

Alltaf er mikið um fundi hjá féluginu, m.a. í aðalstjórn og hjá deildarstjórnum, í samninganefnd og trúnaðarráði, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn og forystumenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum.

## Trúnaðarráð



Trúnaðarráð hélt two fundi.

Á fyrra fundinum var gengið frá listum stjórnar og trúnaðarráðs á AN þing og þing SGS sem fram fóru í október. Einnig var samþykkt samhljóða tillaga um skilafrest lista vegna þess.

Á fundinn mætti Jón Hjaltason sagnfræðingur sem vinnur nú við að rita sögu félagsins og fór yfir hvernig gangi með söguritunina. Hann sagði m.a. frá því hvað hefði komið honum skemmtilega á óvart, hvernig vinnan færí fram og kom með nokkra skemmtilega punkta sem hann hefur grafið upp.

Björn formaður fór einnig yfir stöðuna samningamála

Á seinni fundinum var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2016/2017 og skilafrest lista. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, mætti á fundinn og sagði frá verkefninu „Einn réttur ekkert svindl“ sem var nýlega hafið. Hann sagði m.a. frá fjölmögum dænum úr raunveruleikanum hvernig gengið væri á rétt starfsfólks, sérstaklega gagnvart unga fólkini og erlendu vinnuaflí. Hann talaði líka um keðjuábyrgðina sem stéttarfélögini vilja koma í gagnið, en það þýðir að aðalverktakinn beri ábyrgð á öllum undirverktökunum sem koma að verkinu. Hann sagði að þessa óværu sem væri að skjóta

rótum á íslenskum vinnumarkaði verði að uppræta sem fyrst.

Á fundinum var samþykkt ályktun vegna kjaradeilu starfsfólks í álverinu í Straumsvík.

## Samninganefnd

Fjórir fundir voru haldnir í samninganefnd á starfsárinu.

Á þeim fyrsta var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins við Samtök atvinnulífsins. Fram kom m.a. að ekkert væri að gerast og að Flóabandalagið og VR hefðu slitið viðræðum fyrr um daginn og að stefnt væri að því að fara í verkföll í kringum 26. maí. Samþykkt að formanni félagsins væri heimilt að gera samninga við fyrirtæki sem standa utan við SA. Á fundinum var óskað eftir verkfallsvörðum og voru margir sem skráðu sig, enda sagði Björn að félagið myndi vera með öfluga verkfallsvörslu.



**Félagið hélt úti öflugri verkfallsvörslu á meðan verkfall stóð yfir. Nokkur gengi voru á ferð um svæðið og fengu á flestum stöðum góðar móttökur.**

Á fundi tvö var byrjað á að kjósa Vilhelm Adolfsson, ritara félagsins, sem ritara nefndarinnar.

Björn, formaður félagsins, fór yfir stöðu mála í samningaviðræðum við SA og útskýrði af hverju ákveðið var að fresta verkfalli. Hann fór einnig yfir sýnishorn af samningum sem félagið hefur gert við nokkur fyrirtæki að undanförnu og sagði að í öllum tilfellum væru fyrirtækin utan SA og að gengið hefði verið að ýtrstu kröfum SGS, þ.e. ekki bara er varðar launalið heldur önnur almenn atriði, t.d. flokka-tilfærslur orlofs- og desemberuppbaetur, o.fl. Samningarnir hefðu verið bornir undir starfsmenn viðkomandi fyrirtækja sem hefðu samþykkt þá í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Á þriðja fundi nefndarinnar fór formaður félagsins yfir stöðuna og kynnti drög að nýjum kjara-samningi við SA sem verið er að vinna í núna. Hann sagði að ákveðið hefði verið að fresta verkföllum 6 dögum til að láta reyna á hvort hægt verði að klára þann samning sem nú er í vinnslu og einnig að verið væri að þrýsta á ríkið að koma inn með einhverjar tillögur í viðræðurnar.

Á fjórða fundi nefndarinnar var lagður fram nýr samningur við SA og hann kynntur. Lögð var fram og samþykkt tillaga um að rafræn atkvæðagreiðsla verði um samninginn og verður notuð sama kjörskrá og síðast. Einnig var kynnt hvar og hvenær yrðu fundir þar sem kynna ætti samninginn.

## Uppstillinganefnd

Uppstillingarnefnd hélt two fundi og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

## Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlis-svæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta árið.

Kosnir voru svæðisfulltrúar og varamenn þeirra á Dalvík, Siglufirði og í Hrísey. Svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í adalstjórn félagsins og varasvæðisfulltrúar í trúnaðarráð.

Dagana 9. til 12. júní sl. hélt félagið sex félagsfundi þar sem kynntur var nýr samningur við Samtök atvinnulífsins. Einnig voru haldnir nokkrir kynningarfundir á nýjum beitningarsamningi og vegna nýrra samninga við ríki og sveitarfélög.

Í byrjun nóvember hélt félagið fund í Hofi þar sem Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, fara yfir samkomulag SALEK hópsins sem skrifað var undir nokkrum dögum áður.

Fjölmargir fundir hafa verið hjá félagini vegna starfsmáts hjá sveitarfélögum á svæðinu. Þá hafa trúnaðarmenn í sömu starfsgrein komið saman og farið í gegnum forsendur sem matið er byggt á fyrir þeirra störf og kannada hvort aðstæður hafi breyst svo hægt sé að óska eftir endurmati.

Búið er að halda fjölmarga vinnustáðafundi á árinu. Á þeim hafa átt sér stað góðar umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Trúnaðarmenn hafa verið hvattir til að vera duglegir að halda slíka vinnustáðafundi með starfsmönnum félagsins. Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.

#### *Stjórnarfundir*

Ellefundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmög mál voru tekin fyrir, m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild.

Vert er að benda á að stjórnar-menn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin ávallt hvernig staðan er miðað við

áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.

*Helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum félagsins:*

A öllum fundum stjórnar er lagður fram listi yfir nýja félaga sem gengið hafa í félagið frá síðasta stjórnarfundi.

Á fyrsta fundi stjórnar, sem haldinn var þann 1. júní, var m.a. lögð fram endurskoðunarskýrsla undirrituð af löggiltum endurskoðendum félagsins. Niðurstaða þeirra er að þeir eru mjög ánægðir með vinnu starfsmanna félagsins er varðar allt sem snýr að bókhaldi félagsins og reikningsskilum. Kynntur var fram nýr samningur við Samtök atvinnulífsins. Lagt var fram bréf frá ASÍ þar sem fram kom að engar athugasemdir væru gerðar við reikninga félagsins fyrir árið 2014. Allt er gert rétt eins og lög ASÍ gera ráð fyrir um reikninga aðildarfélaga sambandsins. Adalfundur orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum var haldinn 15. maí og farið yfir hann á fundinum. Hákon Hákonarson hætti í stjórn byggðarinnar eftir 37 ára setu og við formennsku tók Björn Snæbjörnsson. Á fundinum var rætt um þakið á skrifstofunni á Siglufirði sem er ónýtt og var farið yfir og samþykkt kostnaðaráætlun vegna framkvæmdarinnar.

Á fundi 29. júní voru m.a. lagðar fram niðurstöður á atkvæða-greiðslu um almenna samninginn við SA. Jafnframt fór formaður félagsins yfir þá samninga sem á eftir að gera og eru í vinnslu. Farið var yfir greinargerð frá lögfræðingi félagsins um tvö mál sem eru í gangi. Samþykkt var að ráðast í endurbætur á íbúð félagsins sem er á 4. hæð í Ásholti 2 í Reykjavík. Fjallað var um kjarakönnun félagsins sem farið var í um haustið og einnig var tekið fyrir erindi frá verkefnisstjóra atvinnu-mála á Akureyri. Samþykkt var tillaga að fjárhagsramma fyrir ferðaneftnd til niðurgreiðslu á



ferðum á vegum félagsins fyrir árið 2016. Í lok fundar sagði Björn frá því að hann og Sverrir Már Albertsson frá AFLi hefðu farið á fund með Flugfélagi Íslands þar sem rætt var um afslætti fyrir félagsmenn og að þeir hefðu lagt fram ákveðna hugmynd sem FÍ ætlaði að skoða nánar.

Á fundi 31. ágúst sem fram fór á Grenivík var enn og aftur farið yfir stöðu mála varðandi samninga félagsins. Ákveðið að leggja fram lista yfir 41 fulltrúa félagsins á 34. þing AN og lista yfir 12 fulltrúa á þing SGS fyrir trúnaðarráð til samþykktar. Björn ræddi um að gera átak í vinnustaðafundum í vetur og að það hefði verið ákveðið að senda bréf til trúnaðarmanna þar sem þeir eru hvattir til að halda slika fundi. Það hefur áður verið gert með góðum árangri. Hann fór einnig yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir hjá féluginu. Sagt var frá því að búið væri að ráða nýjan starfsmann á Dalvík á meðan Íris væri í fæðingarorlofi. Auglýsingar félagsins voru ræddar og samþykkt að halda áfram á svipuðum nótum og verið hefur.



Rædd var hugmynd um að starfsfólk og stjórn fari í vinnuferð til Stokkhólms á næsta ári. Tekið var fyrir erindi frá stjórn Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis þar sem sagt er frá söfnunarátaki til að kaupa nýtt ómtæki sem verður staðsett á Sjúkrahúsini á Akureyri. Stjórnin samþykkti styrk til söfnunarinnar. Á fundinum voru lagðar fram tölur yfir félagsmenn á svæðinu sem eru í atvinnuleit.

Á fundi 2. nóvember var farið yfir stöðu mála varðandi samninga félagsins, m.a. nýjan samning við ríkið sem skrifð var undir í október. Tekið var fyrir erindi frá Aflinu þar sem óskað var eftir styrk og samþykkti stjórnin samhljóða styrkveitinguna. Farið var yfir fundargerðir deildarstjórnar. Á fundinum var samþykkt að félagið sendi allt að 8 fulltrúa á halda jafnréttisráðstefnu í Reykjavík. Tekið var fyrir bréf frá Alþjóðaneftir ASÍ þar sem kynnt var fyrirhuguð kynningar- og upplýsingaferð til Brussel í apríl/maí 2016. Samþykkt að reyna að fá tvö pláss í ferðina. Kynnt var sú hugmynd að ráða sameiginlegan starfsmann félaganna á Norðurandi sem sæi um skipulag og færi í eftirlit á vinnustaði með fulltrúum stéttarfélaganna og kannaði hvort eitt-hvað væri að. Þetta yrði liður í átakinu Einn réttur ekkert svindl. Ákveðið var að kanna málid betur. Á fundinum var kynnt að Þorsteinn E. Arnórsson myndi láta af störfum hjá féluginu á seinni hluta ársins 2016 vegna aldur. Ákveðið var að láta Capacent auglýsa eftir þjónustufulltrúa í hans stað. Einnig var fjallað um eitt mál sem er í gangi hjá lögfraðingum félagsins.

Á fundi 3. desember kynnti Þórhallur Ólafsson, ráðgjafi hjá Gallup, niðurstöður kjarakönnunar sem gerð var fyrir Einingu-Iðju og AFL starfsgreinafélag. Björn sagði frá stöðu mála varðandi samninga félagsins. Samþykkt var erindi frá fjórum samtökum sem eru í sam-



starfi í að veita jólaaðstoð. Stjórnin samþykkti að veita styrk að upphæð kr. 800.000. Farið var yfir fundargerðir deildarstjórnar. Á fundinum var samþykkt að ganga til samninga við N4 um að gera kynningarmyndbönd fyrir félagið. Ákveðið var að hafa opinn dag á öllum skrifstofum félagsins í febrúar. Samþykkt var að starfssdagur félagsins verði haldinn 4. apríl og var skipaður starfshópur sem á að koma með hugmyndir að dagskrá. Lögð var fram tillaga að uppstillinganefnd Einingar-Iðju fyrir starfsárið 2016 – 2017 og samþykkti stjórnin hana. Samþykkt var að halda fundi í Svæðisráðunum á Dalvík, Hrísey og Siglufirði í janúar. Einnig var ákveðin dagsetning á aðalfundum deilda og aðalfundi félagsins. Formaður sagði frá því að eigandi íbúðar á 6. hæð í Ásholtinu, sem félagið hefur verið með á leigu undanfarin ár, ætli ekki að fram lengja leigusamminginn. Því mun félagið missa þá íbúð 30. apríl nk. Einnig var sagt frá því að féluginu hefði verið boðin íbúð í Reykjavík og samþykkti stjórnin að fela formanni að ganga til samninga um langtímaleigu. Rætt var um netmál í íbúðum félagsins í Reykjavík og víðar.

Á fundi 11. janúar var farið yfir tryggingarfræðilega stöðu sjúkra-sjóðs félagsins, en á fimm ára fresti gerir ASÍ öllum félögum skilt að skila úttekt á stöðu sjúkra-sjóða félagsins. Löggiltur endurskoðandi félagsins, gerði úttekt vegna ársins 2014 og kom í ljós að sjóðurinn standist þær skuldbindingar sem hann hefur gagnvart félagsmönnum. Farið var yfir fundargerðir deildarstjórn og einnig var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Kynnt var kostnaðaráætlun og hún samþykkt vegna framkvæmda á íbúð félagsins á 4. hæð í Ásholti.



Tilkynnt var að búið væri að ganga frá leigu á nýrri íbúð í Reykjavík. Fjallað var um leiguverð orlofshúsa og ákvörðun tekin um leiguverð sumarsins. Björn sagði frá því að á síðasta fundi stjórnar sjúkra-sjóðs hefði verið tekin sú ákvörðun að hækka ýmsa styrki sem greiddir eru úr sjúkra-sjóði félagsins frá og með 1. janúar 2016. Hann sagði einnig frá fimm fundum á svæðinu sem voru haldnir viku síðar þar sem fjallað var um kjaramál, könnun félagsins og eins fór fram kosning á svæðisfulltrúa og varamanni hans á þremur stöðum. Minnt var á fundi í Hofi þar sem fjallað verður starfsmatið. Samþykkt var að setja upp öryggishnappa fyrir skrifstofuna á Akureyri. Tilkynnt var að auglýsing um laust starf hjá félaginu hafi birst í Fréttablaðinu og að hún muni einnig birtast í Dagskránni.

Á fundi 26. janúar var m.a. lögð fram og samþykkt rekstraráætlun fyrir árið 2016. Fjallað var um nýjan samning við Samtök atvinnulifsins frá 21. janúar. Farið var yfir fundargerðir deildarstjórn. Formaður fór yfir væntanlegan fund með þjóðfundarfyrirkomulagi sem verður í Reykjavík næsta vor.

Þar verða fulltrúar frá ASÍ, BSRB, BHM og kennurum. Einnig frá atvinnurekendum þ.e. SA, ríkið og sveitarfélög. Alls um 600 manns. Þar mun norskur sérfræðingur fara yfir mun á íslenska samningamódelinu miðað við hin norðurlöndin. félagið mun líklega eiga 6 fulltrúa á þessum fundi og var samþykkt að formaður, vara-formaður og ritari félagsins ásamt deildarformönnum fari fyrir hönd félagsins. Einnig var sagt frá hugmynd um að halda á Eyjafjarðarsvæðinu þjóðfund um nýja samningsmódelið með þátttöku allra stéttarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu bæði almennra og opinberu félaga. Fundurinn yrði haldinn eftir fundinn í Reykjavík og lýst stjórninni vel á að taka þátt í svona fundi næsta haust. Formaður sagði frá því að alls hefðu 61 sótt um starf þjónustufulltrúa á skrifstofu félagsins á Akureyri og að ákvörðun muni liggja fyrir fljóttlega. Fram kom hugmynd um að bjóða eldri félagsmönnum á leikritið „Með víflið í lúkunum“ sem sýnt verður á Melum í Hörgárdal. Stjórnin samþykkti að kaupa eina leiksýningu og kaffiveitingar á undan.



Á fundi 10. febrúar var tilkynnt að Hafdís E. Ásbjarnardóttir hefði verið ráðin nýr þjónustufulltrúi og að hún myndi hefja störf 1.apríl. Aftur var fjallað um ráðningu á sameiginlegum eftirlitsfulltrúa á svæðinu. Formaður greindi frá því að félagið hefur tekið á leigu sumarhús rétt hjá Skálholti sem heitir Kötluholt. Tilkynnt að opnu dagarnir á skrifstofum félagsins verðir 23. til 25. febrúar. Lögð var fram dagskrá fyrir náms- og kynnisferðina til Stokkhólms.

Á fundi 3. mars var sagt frá niðurstöðu atkvæðagreiðslu um

nýjan kjarasamning við SA. Farið var yfir fundargerðir deildarstjórn. Lagðar voru fram fundargerðir aðalfunda deilda félagsins frá 17. febrúar sl. Greint var frá hugmynd um að skipta sal félagsins á Akureyri með harmonikuvegg þannig að hægt verði að skipta honum í tvennt þegar um smærri fundi er að ræða og jafnvel til að hafa þann möguleika á að vera með tvö fundi í gangi í honum í einu. Samþykkt var að fara í framkvæmdina.



Lagt var fram þakkarbréf frá Mæðrastyrsnefnd Akureyrar, Hjálpræðishernum á Akureyri Hjálparstofnun kirkjunnar og Rauða krossinum við Eyjafjörð fyrir veitta aðstoð fyrir jólin sem m.a. gerði þeim mögulegt að aðstoða 338 heimili á Eyjafjarðarsvæðinu nú fyrir jólin. Lögð voru fram drög að dagskrá vegna starfsdagsins á Húsabakka 4. apríl nk. Skipað var í nefndir til að endurskoða reglugerð sjúkra-sjóðs og einnig var skipað í uppstillinganeftnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Kynning fór fram hvernig opnu dagar félagsins tókust. Rætt var um námskeið fyrir stjórnarmenn, bæði í aðalstjórn og stjórnunum deilda. Sagt var frá ókeypis tónleikum í Hofi 12. mars nk. sem ASÍ stendur fyrir í tilefni 100 ára afmæli sambandsins.

Hermann Brynjarsson, endurskoðandi Einingar-Iðju, kom á fund stjórnar 29. mars og kynnti reikninga félagsins fyrir síðasta ár. Fram kom að tekjuafgangur ársins var kr. 1.000.514 miðað við 23.934 krónur árinu á undan. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er afgangurinn um 16,8 milljónir króna miðað við 10,8 milljónir árið áður. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá.

Á fundinum var einnig farið yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 12. apríl.

Á fundi þann 11. apríl var lagður fram listi yfir tillögu nefndar yfir fulltrúa í ráð og nefndir sem kosnar eru á aðalfundi félagsins. Einnig var lögð fram tillaga að lista yfir fulltrúa félagsins á ársfund Stapa sem verður 4. maí nk. Eining-Iðja á rétt á að senda 37 fulltrúa á fundinn.

#### Aðalfundir starfsgreinadeilda



Aðalfundir starfsgreinadeilda fóru fram 17. febrúar sl. í Alþýðuhúsini á Akureyri. Sama fyrirkomulag var á fundunum eins og undanfarin ár. Góð mæting var á fundina sem tókust mjög vel. Í upphafi var sameiginleg dagskrá þar sem Hjalti og Lára fluttu ljúfa tóna áður en boðið var upp á kaffiveitingar. Svo hélt hver deild fyrir sig sinn hefðbundna aðalfund. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf. Formenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins og varaformenn eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

#### Fundir og ársfundir

Í maí var haldinn aðalfundur Stapa. Í október var AN þing á Illugastöðum og þing SGS í Reykjavík. Eining-Iðja átti að sjálfsögðu fulltrúa á öllum þessum stöðum og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum samkomum.

Aðalfundur Stapa var haldinn 29. apríl 2015 í HOFI á Akureyri og átti félagið þar rétt á 37 fulltrúa. Stjórnarkjör fór fram að vanda og var Tryggvi Jóhannesson sem er félagsmaður Einingar-Iðju kosinn í stjórnina. Hann kemur þar inn í stað Björn Snæbjörnssonar, formanns Einingar-Iðju, sem búinn var að sitja í stjórn í hámarkstíma.



Ágúst Torfi Hauksson, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2014. Kári Arnór Kárason framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins og áritanir og Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu. Ársreikningurinn var svo samþykktur samhljóða. Einnig kynntu fjárfestingarstjóri Arne Vagn Olsen og áhættustjóri Jóna Finndis Jónsdóttir fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins.

Á fundinum voru gerðar umtalsverðar breytingar á samþykktum sjóðsins. Með þessum breytingum hefur sjóðurinn tekið upp nýtt réttindaávinnslukerfi, sem ætlað er að tryggja betur samræmi milli eigna og skuld-bindinga sjóðsins. Unnið hefur verið að þessu nýja kerfi sl. 3 ár og hefur það verið til kynningar víða þ.m.t. hjá aðildarfélögum sjóðsins. Nýja kerfið kom til framkvæmda frá og með 1. janúar sl.

Á heimasíðunni www.stapi.is, má fá frekari upplýsingar um starfsemi sjóðsins. Á sjóðfélagavefnum þeirra geta sjóðfélagar og rétthafar séreignar einnig skoðad eigin stöðu hjá sjóðnum.

#### 34. þing AN



Í byrjun október fór fram 34. þing Alþýðusambands Norðurlands. Tæplega 90 fulltrúar, frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi sátu þingið, þar af tæplega 40 frá Einingu-Iðju.

Þingið tókst í alla staði mjög vel og voru þjárá ályktanir og ein áskorun samþykktar samhljóða á þinginu. Þessar ályktanir fjalla um húsnæðismál, ferðaþjónustu og visitölu en í áskoruninni er gerð suðraða til sveitarstjórnar Þingeyjar sveitar að vinna bráðan bug á því ófremdarástandi sem er í síma- og netsambandi á svæði Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum.

#### 5. þing SGS



Í október fór fram 5. þing SGS í Reykjavík, en það sátu 12 fulltrúa frá Einingu-Iðju Samþykktar voru þjárá ályktanir; um atvinnumál, húsnæðismál og kjaramál. Starfsáætlun SGS til næstu tveggja ára samþykkt sem og ársreikningar fyrir árin 2013 og 2014 auch þess sem samþykkti þingið breytingar á lögum og þingsköpum sambandsins. Þá sá þingið ástæðu til þess að samþykka tvær yfirlýsingar, annars vegar stuðningsyfirlýsingu við baráttu starfsfólksins í RIO Tinto Íslandi og hins vegar yfirlýsingu vegna þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við stofnun Stjórnstöðvar ferðamála.

Björn Snæbjörnsson var endurkjörinn formaður til næstu tveggja ára og Hjörðís Þóra Sigurbjörnsdóttir var sömuleiðis endurkjörinn varaformaður.

Í tilefni af 15 ára afmæli SGS var boðað til málþings degi áður en þingið hófst. Þar var litið yfir farinn veg og spáð í framtíðina. Málþingið lauk svo með pallborðsumræðum.

## Framkvæmdir hjá félagini



Á starfsárinu var ákveðið að ráðast í endurbætur á íbúð félagsins sem er á 4. hæð í Ásholti 2. Farið verður í þessar framkvæmdir næsta haust.

Framkvæmdum við hús félagsins á Illugastöðum lauk á starfsárinu, en þau voru öll klædd að utan með stálklæðningu. Einnig var skipt um glugga, klætt upp í þakskyggni og annað lagað sem komið var á tíma.

Síðasta sumar var lagað múnverk á Alþýðuhúsini og það malað. Nú stendur yfir vinna við að skipta um allt gler í húsinu.

Síðasta haust var þakið lagið á skrifstofu félagsins í Fjallabyggð og í veturnar var skyggnið einnig lagfært en það var farið að leka sem olli nokkrum skemmdum innandyra.

Ennfremur var farið í almennt viðhald, í öðrum orlofshúsum og íbúðum, þar sem alltaf er þörf endurbóta.

## Þjónustan á skrifstofunum

Eins og undanfarin ár var mikið álag á skrifstofum félagsins. Starfsmenn fá fjölmargar spurningar í sambandi við kaup og kjör. Fræðsla sem félagið fer með í skóla á svæðinu fyrir unga fólk ið er líka að skila sér með aukinni aðsókn ungmennum. Í um 15 ár hefur Eining-Iðja beitt sér fyrir fræðslu í öllum tíundabekkjum á Eyjafjarðarsvæðinu, í öllum 1. bekkjum í VMA og stundum í MA.

Nokkuð mörg mál eru í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum.

Miðasala í Hvalfjarðargöng er þjónusta sem félagið býður upp á og er heilmikið notuð. Hver miði er seldur á kr. 635 og því er það ágætis búbót að kaupa miða áður en lagt er af stað. Ef borgað er við

göngin þá kostar stök ferð kr. 1.000. Ef keyrt er fram og tilbaka þá geta félagsmenn sparað sér kr. 730. Í fyrra seldi félagið um 10.000 miða og því spöruðu félagsmenn alls um kr. 3.650.000 með því að kaupa miða hjá félagini.

Mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn við að túlka samninga.

Rétt er að minna á samning sem félagið er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögfræðiljónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-Iðju telja rétt að bjóða viðkomandi félagsmanni. Félagið ber kostnað af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þatabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum. Algjört skilyrði er að félagsmenn hafi fyrst samband við Einingu-Iðju og er það félagsins að meta hvort málinu verði vísað til lögfræðinga félagsins



Í samningnum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu Iðju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

## Vinnustaðaskírteini



Fimm starfsmenn félagsins eru núna eftirlitsfulltrúar með vinnu-

staðaskírteinum, þetta eru þau Anna Júlíusdóttir, Ásgrímur Örn Hallgrímsson, Björn Snæbjörnsen, Hafdís E. Asbjarnardóttir og Þorsteinn E. Arnórsson.

Fyrir utan hið hefðbundna eftirlit þá er gaman að segja frá því að Ásgrímur og Þorsteinn slögust í för með löggreglunni tvö kvöld sl. haust þegar hún var í sérstöku eftirliti með skemmtistöðum á Akureyri. Áhersla var lögð á að skoða hvort ekki væru til staðar gild rekstrarleyfi, dyraverðir með réttindi og að aldur starfsmanna við áfengissölu í lagi. Einnig var kannað hvort gestafjöldi væri innan leyfilegra marka og hvort aldurstakmörk og opnunartími væri virtur. Ásgrímur og Þorsteinn könnuðu hvort starfsmenn viðkomandi skemmtistaða væru með vinnustaðaskírteini og eins og sést á myndinni hér framar þá tóku þeir að sjálfsögðu eina „sjálfu“ að verki loknu.

## Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra

Sögulegt samkomulag hefur náðst á milli 14 stéttarfélaga sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra um stóraukið vinnustaðaeftirlit með því að ráða einn sameiginlegann verkefnastjóra fyrir vinnustaðaeftirlit á svæðinu.

Félögin standa sameiginlega að þessari ráðningu en Eining-Iðja ber ábyrgð á verkefnastjóranum og borgar 60% af kostnaði er starfið leiðir af sér. Aðrir samningsaðilar greiða 40% af kostnaði eftir umsaminni skiptingu.

Búið er að ganga frá ráðningu þessa sameiginlega verkefnastjóra og mun Vilhelm Adolfsson, ritari stjórnar félagsins, hefja störf frá og með 1. maí nk. Vilhelm býr yfir góðri tölvuþekkingu og hefur gott vald á íslensku og ensku bæði í ræðu og riti. Vilhelm er menntaður löggreglumaður en hann lauk námi frá Löggregluskóla

ríkisins 2004 og starfaði á árum áður sem löggreglumaður á Austurlandi og á Akureyri. Síðan 2010 hefur hann starfað í Becromal á Akureyri og hefur verið trúnaðarmaður starfsmanna frá árinu 2011.

Vilhelm mun verða með aðsetur á skrifstofu Einingar-Iðju á Akureyri en mun skipuleggja og fara í vettvangsferðir á vinnustaði á samningssvæðinu sem er Eyjafjörður, Skagafjörður og Húnvatnssýslur.

Meginmarkmiðið með þessari ráðningu er að stuðla að því að á félagssvæðum áðurnefndra félaga verði enn öflugara vinnustaðaeftirlit en nú er, með heimsóknum og nánari eftirliti frá verkefnastjóra og starfsmönnum stéttarfélaga. Einnig að hafa gott samband við stofnanir ríkisins er fara með málefni vinnumarkaðarins, t.d. Vinnumálastofnun, Ríkisskattstjóra, Vinnueftirlitið og Útlendingastofnun. Lögð er sérstök áhersla á að koma snemma að málum og koma í veg fyrir að brotastarfsemi þróist á félagsvæðum stéttarfélaganna.

#### *Einn réttur – ekkert svindl*

Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlitsins mun jafnframt nýtast vel í verkefninu Einn réttur – ekkert svindl sem ASÍ í samstarfi við aðildarsamtök sín stendur í. Verkefninu er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi. Verkefnið er tvískipt, annars vegar beinist það að brotum gagnvart erlendu vinnuafli og hins vegar brotum á ungu fólk en báðir eiga þessir hópar sammerkt að vera illa upplýstir um rétt sinn á vinnumarkaði.

Samningurinn tekur gildi frá 1. maí nk. og gildir í átján mánuði, eða til 30. október 2017. Litið er á að þetta fyrsta tímabil samningsins sé tilraunatímabil þar sem þjónustan er í móton og uppbryggingu og því er nauðsynlegt að endurskoða allan samninginn fyrir lok þessa tímabils í ljósi reynsl-


unnar. Fjórum mánuðum fyrir lok samningstímans skulu samningsaðilar endurskoða samningstextann í ljósi reynslunnar með það að markmiði að nýr samningur taki gildi 1. nóvember 2017 eða að samstarfinu verði slitið.

#### Útgáfa og kynningarmál

Að venju gaf félagið út þrjú blöð á síðasta ári; þ.e.

orlofsblað, sumarblað og jólablað.

Félagsblöðin voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 11.000 eintökum, og hefur það mælst vel fyrir.



Heimasíða félagsins var eins og undanfarin ár bæði vel virk og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Síðan er skalanleg þannig að engu máli skiptir hvort hún er skoðuð í tölvu, spjaldtölvu eða síma. Síðan aðlagar sig alltaf að staðr þess tækis sem hún er skoðuð í.



Lögð er áhersla á að upplýsingar á heimasíðunni séu sem aðgengilegastar og settar fram á greinargóðan hátt. Á síðunni má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Hægt er að skrá sig á póstlista og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma beint í æð.

#### Félagavefur

Vert er að minna á félagavefnni þó fjölmargir noti hann. T.d. til að nálgast ýmsar upplýsingar um

stöðu sína hjá féluginu á einfaldan hátt, athuga með orlofshús og sækja um þau. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðuna okkar og smella þar á hnappinn **Félagavefur**. Í fyrsta sinn sem þetta er gert þarf að skrá sig og þá fær viðkomandi sendan veflykil á lögheimili sitt. Nú er einnig hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum í síma.

#### Launagreiðendavefur

Félagið er með launagreiðendavef sem býður upp á einföldun við iðgjaldaskil og þægilegt aðgengi að upplýsingum um eldri færslur.

Í skilagreinakerfinu eru t.d. villuprófanir sem einfalda útfyllingu og ættu að tryggja enn öruggari skil en áður en hann var tekinn í gagnið. Í yfirliti fast síðan ítarlegar upplýsingar um eldri skilagreinar og greiðslustöðu.

#### Viðhorfskönnun

Á heimasíðu félagsins má finna niðurstöður í umfangsmikilli viðhorfskönnun sem gerð var á meðal félagsmanna sl. haust. Eins og undanfarin ár sá Gallup um framkvæmd könnunarinnar, en hún var gerð í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna.

## GALLUP

Þetta var í fimmta sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa og nú þegar er búið að ákveða að slík könnun verði framkvæmd í samstarfi við AFL næsta haust.

#### Myndbönd - samstarf við N4

Um miðjan desember var skrifad undir samning við fjölmíðlafyrirtækið N4 um framleiðslu á myndrænu kynningarefni fyrir félagið, en N4 rekur framleiðsludeild þar sem framleitt er innlent

sjónvarpsefni, kynningar- og auglýsingaefni.

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, sagði við tilefnið að hann bindi miklar vonir við þetta samstarf. „Félagið þarf að vera opíð fyrir nýjungum og sífellt að leita að nýjum leiðum til að ná til félagsmanna. Í byrjun verða framleidd þrjú myndbönd um félagið og sjóði þess. Með þessum kynningarmyndböndum getum við verið í fleiri miðlum en áður, en markmiðið er auðvitað alltaf að ná til fleiri félagsmanna til að kynna þeim rétt sinn hjá félaginu.“



„Framleiðslu- og hönnunareild N4 fagnar því að vera komin i samstarf við Einingu-Iðju um gerð kynningarefnis. Deildin leggur áherslu á gæði, fagmennsku, skapandi hugsun og útsjónarsemi við gerð markaðs- og kynningarefnis og kappkostar því að skila góðu og vönduðu efni. Heimasíður og samfélagsmiðlar gegna mikilvægu hlutverki og þess vegna er nauðsynlegt að allt kynningarefni sé aðgengilegt og vel unnið. Eining-Iðja vill greini-

lega vanda til verka á sviði upplýsingamála og ánægjulegt er að félagið velur Framleiðslu- og grafikdeild N4 sem samstarfsaðila til þess að ná því markmiði. Starfsfólk framleiðsludeildar N4 mjög spennt fyrir þessu samstarfi við Einingu-Iðju. Í framleiðsludeildinni er samhentur og hæfileikaríkur hópur fólks sem leitast við að benda á hnitmiðaðar lausnir sem skila árangri,“ sagði Hilda Jana Gisladóttir, framkvæmda- og sjónvarpsstjóri N4 er skrifð var undir.

#### VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Fjórir VIRK ráðgjafar sinna ráðgjöf fyrir félagsmenn allra stéttarfélaga í Eyjafirði, Elsa Sigmundsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir, Nicole Kristjánsson og Svana Rún Simonsdóttir. Þær eru með aðsetur á skrifstofu félagsins á Akureyri.

Elsa er með fasta viðveru á skrifstofu félagsins á Dalvík alla þriðjudaga og Hildur Petra er með fasta viðveru á skrifstofunni í Fjallabyggð alla miðvikudaga.

#### Hlutverk VIRK

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnubáttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.


